

## ERINDISBRÉF STÝRIHÓPS VEGNA VINNU VIÐ LAGNINGU LJÓSLEIÐARA

Sveitarstjórn hefur skipað stýrihóp varðandi lagningu ljósleiðara í Þingeyjarsveit.

Stýrihópurinn skal hafa umsjón með og stýra vinnu við undirbúning, útboð og lagningu ljósleiðara í Þingeyjarsveit.

Markmið er að bæta búsetuskilyrði og auka tækifæri íbúa sveitarfélagsins til starfs og náms. Stefnt er að verkefnið taki þrjú til fimm ár.

Stýrihópurinn vinnur eftir leiðbeiningum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið út fyrir opinbera aðila í tengslum við uppbyggingu ljósleiðaraneta.

Verkefnisstjóri sem ráðinn er á hverjum tíma vinnur með stýrihópnum.

Stýrihópurinn getur leitað eftir utanaðkomandi sérfræðiaðstoð að fengnu samþykki sveitarstjóra.

Stýrihópurinn fylgir þessu verkefni eftir þar til sveitarstjórn tekur ákvörðun um annað.

Stýrihópurinn haldi fundargerðir sem lagðar eru fyrir sveitarstjórn til kynningar.

Samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 25. júní 2015